

Pétur I Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000122/ksj

Tillaga að deiliskipulagi Reyrhaga í landi Gafls í Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis sem nær yfir tvær 15 hektara spildur úr landi Gafls og er í Flóahreppi.

Skipulagssvæðið

Í tillögu að deiliskipulagi á svæðinu er gert ráð fyrir byggingarreit B1 þar sem gert ráð fyrir íbúðarhúsi allt að 200 m² og bílgeymslu allt að 50 m² að stærð. Á byggingarreit B1 er gestahús 20 m² að stærð sem þegar hefur verið byggt. Á byggingarreitum B2 og B3 er gert ráð fyrir fjórum húsum fyrir hestaaðstöðu þ.e. hesthúsi og reiðhöllum og tveim tækjaskemmum, hver bygging að stærð allt að 1400 m².

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um fráveitu í greinargerð deiliskipulagstillögunnar. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að fráveita sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefansson
Sérfræðingur